



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

3. október 2014

### Niðurstöður athugunar á útlánasafni Landsbankans hf.

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á útlánasafni Landsbankans hf. Markmið hennar var að kanna áreiðanleika virðismats á lánum til stærstu lánþega bankans með því að skoða virðismatsferli hans. Þess ber að geta að áður en athugun Fjármálaeftirlitsins hófst hafði Landsbankinn hf. hafið vinnu að þróun og mótun nýs virðismatsferlis. Niðurstöður eftirlitsins lágu fyrir í nóvember 2013 og byggðu þær á gögnum og upplýsingum miðað við hinn 30. september 2012.

Helstu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins voru eftirfarandi:

Fjármálaeftirlitið taldi að utanumhald með lánum sem voru metin með sérgreindu virðismati út frá virði veðandlaga eða rekstrarvirði, væri ógagnsætt og óskilvirkt. Það skýrðist meðal annars af því að virði veðandlaga var uppfært með óreglubundnum hætti og að forsendur virðismatsins voru í sumum tilfellum óskjalfestar eða rangar.

Bókfært virði útlána sem voru í vanefndum og metin með sérgreindu virðismati, gat reynst hærra en mat bankans á væntum endurheimtum í þeim tilfellum þar sem bankinn hafði tekjufært vexti umfram raungreiðslur.

Hluti af þeim lánum sem voru flokkuð í skilum, í lánasafnsskýrslu sem Landsbankinn hf. skilar mánaðarlega til Fjármálaeftirlitsins, reyndust vera í vanefndum. Bankinn flokkaði til dæmis lán í skilum þrátt fyrir að hafa ekki gert ráð fyrir fullum endurheimtum eða gert kyrrstöðusamkomulag við lánþega.

Fjármálaeftirlitið álitur að Landsbankinn hf. sé misvarfærinn í virðismati þeirra útlána sem voru í úrtakinu. Þar sem úrtakið var ekki valið af handahófi verða ekki dregnar ályktanir út frá athugininni fyrir allt útlánasafn bankans.

Fjármálaeftirlitið óskaði eftir því að bankaráð Landsbankans hf. fæli óháðum aðila að yfirfara úrbætur bankans í kjölfar athugunarinnar og skila skýrslu til eftirlitsins. Skýrslan barst þann 28. febrúar síðastliðinn. Niðurstaða hennar er að Landsbankinn hf. hefur bætt verklag sitt mikið eftir að athuginin fór fram, meðal annars með umtalsverðum breytingum á umgjörð virðismats útlána. Það er mat Fjármálaeftirlitsins að viðunandi úrbætur hafi verið gerðar vegna flestra athugasemda stofnunarinnar en fyrirhugað er að öðrum úrbótum verði lokið fyrir árslok 2014.